



**BORGARRÁÐ 10. júlí 2025: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingar á málsmæðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði - MIR24070001**

Borgarráð samþykkir að gera breytingar á ákvæði 11 gr. málsmæðferðarreglna borgarráðs um veitinga- og gististaði með þeim hætti að áfengisveitingar verði heimilar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði fullorðinna að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þess verði gætt að áfengisveitingar verði eingöngu veittar á afmörkuðum svæðum og að aðgengi barna og ungmenna verði hindrað. Borgarráð samþykkir að ákvæði 11. gr. verði svohljóðandi: 11. gr. Áfengisveitingar í tengslum við íþróttaviðburði: Áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði fullorðinna eru heimilar. Áfengisveitingar skulu einungis veittar á afmörkuðum svæðum og skal þess gætt að börn og ungmenni hafi ekki aðgengi að slíkum veitingum. Undir þetta ákvæði falla áfengisveitingar fyrir eða eftir íþróttaviðburði eða á meðan á þeim stendur.

**Greinargerð:**

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 13. júní 2024 að ráðast í heildarendurskoðun á málsmæðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði. Nú er lagt til að breyting á 11. greininni sem sem varðar áfengisveitingar í tengslum við íþróttaviðburði verði afgreidd sérstaklega og bíði ekki heildarendurskoðunar. Sala áfengisveitinga hefur verið alþekkt á íþrótt- og menningarviðburðum bæði hérlandis en jafnframt á Norðurlöndum um árabil. Íþróttafélög borgarinnar hafa þegar í mörgum tilfellum boðið slíkar veitingar á íþróttaviðburðum án vandræða en áfengissalan hefur reynst mikilvæg tekjulind fyrir annars fjársvelta íþróttahreyfingu. Íþróttakappleikir hafa skapað mikið líf innan borgarhverfanna en veitingasala hefur ýtt enn frekar undir jákvæða upplifun íbúa sem koma saman að styðja sín hverfisfélög. Það er eðlilegt að regluverkið endurspegli bæði veruleikann og tíðarandann í samfélaginu. Íþróttahreyfingunni er vel treystandi til að útfæra áfengissölu á afmörkuðum svæðum, gæta að lýðheilsusjónarmiðum og tryggja að fólk undir lögaldri hafi ekki aðgengi að áfengisveitingum á slíkum viðburðum.

